



Fréttatilkynning  
frá skrifstofu forseta Íslands

## MENNINGARNÓTT Á BESSASTÖÐUM

Forsetasetrið að Bessastöðum verður opið almenningi í tilefni Menningarnætur, laugardaginn 24. ágúst. Þetta er í fyrsta sinn sem Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Björn Skúlason, eiginmaður forseta, bjóða almenningi að heimsækja Bessastaði síðan hún tók við embætti. Forsetahjónin taka á móti gestum milli klukkan 14:00 og 17:00 og býðst fólki að skoða staðinn.

Bessastaðir eiga sér merka sögu. Auk Bessastaðastofu, sem byggð var á 18. öld, geta gestir geta skoðað móttökusal og bókhöfuð forsetasetursins sem eru síðari tíma viðbyggingar. Í húsinu má meðal annars sjá úrval myndlistar eftir íslenska listamenn og sýnishorn gjafa sem borist hafa forsetum lýðveldisins. Þá verða til sýnis dæmi um mannvistarleifar sem fundist hafa við fornleifarannsóknir og veita innsýn í búsetu á Bessastöðum allt frá landnámstíð. Að þessu sinni verður Bessastaðakirkja lokuð vegna framkvæmda og fornleifauppgrafter. Eins verður fornleifakjallarinn lokaður. Í hlaði Bessastaðastofu verður fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, til sýnis en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta og aðstoðarmenn veita upplýsingar um staðinn og verða gestum til aðstoðar.

22. ágúst 2024

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).*